

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Eyleifur Jóhannesson, Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir, Guðbjörnsdóttir, Hörður Oddfríðarson ritari, Árni Stefánsson og Magnús Tryggvason

Afboða, mæta ekki : Guðrún Pálsdóttir, Júlía Þorvaldsdóttir og Leifur Guðni Grétarsson

Fundur 07.10 2025 settur kl. 18.00

1. Mót og sarfsemi

- a. Bikarkeppnin var haldin með breyttu sniði laugardaginn 27. sept. í Ásvallalaug. 4 Lið voru skráð til keppni í fyrstu deild og aðeins eitt lið í annari deild. Í heild sinni gekk mótið vel fyrir sig en ljóst er að það þarf að finnstilla módelið aðeins betur en flestir eru sammála um að þessi tímasetning á tímabilinu sé góð. Stjórn þakkar SH fyrir gott samstarf á mótinu. Settur verður upp vinnhópur til að forma keppnina betur, fara yfir reglugerð og skerpa á reglum.
- b. Mótastjórn undir forrystu Leifs Guðna Grétarssonar hefur verið komið á laggirnar og eru eftirfarandi aðilar í nefndinni:
 - Leifur Guðni Grétarsson
 - Karl Georg Klein
 - Guðrún Pálsdóttir
 - Fríða Kristín Jóhannesdóttir
 - Viktoría Gísladóttir
 - Júlía Þorvaldsdóttir
 - Helgi Þór Þórsson
 - Björn Valdimarsson
 - Kristín Guðmundsdóttir

Nefndin hefur komið saman og byrjað er að skipuleggja ÍM og NM sem bæði eru í Laugardalslaug. Farið var stutt yfir fyrsta fund nefndarinnar.

- c. Framkvæmdastjóri, formaður og mótastjóri áttu einnig fund með media fólki Ólafi Ólafssyni og Hrafnhildi Lúthersdóttur varðandi fjölmiðlamál og samfélagsmiðla. Fyrir fundinum liggur áætlun frá þeim varðandi fjölmiðlun út tímabilið. Tillögurnar voru samþykktar í grunninn og framkvæmdastjóri og formaður taka málið áfram.
- d. Sundsamband Íslands, í samstarfi við European Aquatics (EA) býður upp á alþjóðlegt námskeið undir yfirskriftinni Swim Safe Europe – Learn to Swim. Námskeiðið er ætlað sundkennurum, sundþjálfurum og leiðbeinendum sem starfa við sundkennslu og vatnsleikni barna á aldrinum 3–12 ára. Námskeiðið fer fram 10 – 12 okt. (11 – 12 á staðnum) Markmið námskeiðsins er að efla faglega hæfni þjálfara, sundkennara og leiðbeinenda og tryggja samræmd gæði í sundkennslu barna, auk þess að stuðla að auknu öryggi barna. Námið er hluti af menntunarkerfi EA og veitir viðurkennd réttindi á Evrópskum vettvangi. Það eru um 30 manns skráðir á námskeiðið. Tveir fyrirlesarar koma á vegum EA þeir Rókur frá Færeyjum og Boro frá Slóveníu
- e. Formaður og framkvæmdastjóri mættu í móttöku hjá Ólympíusamhjálpinni þar sem tilkynnt var hverjir fá styrk fram að næstu Ólympíuleikum Los Angeles árið 2028. Af 9 einstaklingum sem hljóta styrki fram að Ól þá eigum við tvo keppendur þau Snæfríður Sól og Snorri Dag. SSÍ sendi inn umsóknir fyrir fleiri sundmenn en náðum því ekki að þessu sinni.
- f. Meðlimagjöld eru að skila sér í hús og búið að fara yfir helstu mál þar að lútandi.

- g. Farið var yfir World Aquatics Governance Survey 2026 þar sem við skorum yfir 95% og fáum örlítið aukaframlag frá WA fyrir vikið.
- h. Á næsta fundi verður farið í fjármál SSÍ, farið yfir ýmsa kostnaðarliði og hvernig fjármagn kemur inn í sambandið ásamt öðrum tölulegum upplýsingum.
- i. Hugmyndir eru uppi um að fara aðeins ofan í saumana á útbreiðslu íþróttarinnar og hvernig best verður staðið að því. Hugmyndir verða kynntar betur á næstu fundum.
- j. Formaður og varaformaður munu fara betur yfir agabrot sem komu upp í verkefnum á vegum sambandsins í sumar og hitta viðkomandi aðila og þjálfara.

2. Afreksmál

- a. Sund og styrktar mælingar fórum fram í Ásvallalaug 17-18. September
 - a. 16 einstaklingar tóku þátt í mælingunum (4 veikir)
- b. Fræðslu og æfingadagur fyrir landsliðshópa 19. September
 - a. Farið yfir síðasta sundár og hvað er á döfinni á þessu sundári
 - b. Fyrirlestur frá Pálmari um jákvæð samskipti
 - c. Sameiginleg æfing sem Eyleifur, Dadó og Kjell stjórnðu
- c. Fræðslu og upplýsingadagur þjálfara 20. September
 - a. Farið yfir síðasta sundár (góðar umræður)
 - b. Rætt um þetta sundár (breytingar)
 - c. Góður fyrirlestur frá Thelmu um hlutfallslegur orkuskort í íþróttum (REDs)
 - d. Fyrirlestur um jákvæð samskipti í íþróttþjálfun frá Pálmari
- d. Heimsóknir til félaga sem áttu sundfólk á EMU, EM U23 og HM50 í sumar
 - a. Sundfélag Akraness þriðjudaginn 30. September (fundur með bæjarstjórn)
 - b. Sunddeild Ármanns miðvikudaginn 1. Október
 - c. Sundfélag Hafnarfjarðar miðvikudaginn 8. Október
 - d. Íþróttabandalag Reykjanesbæjar fimmtudaginn 9. Október
 - e. Sundfélagið í Alaborg 13-16. Október í Ungverjalandi (Æfingabúðir)
- e. World Cup í Toronto 21-26. Október
 - a. 8 keppendur, 6 á vegum landsliðs og tveir á vegum félags
 - b. Eyleifur fararstjóri/þjálfari og Ólafur Árdal fjölmiðlun/farartjórn
 - c. Þrír keppnis dagar, fimmtudag til laugardag
 - d. Eyleifur heimsækir Einar Margeir í USC að móti loknu 26-29. Okt
- f. Unnið með skipulag tímabilsins næstu vikurnar, fundur með þjálfurum á SH móti.
 - a. Flókið sundár með breytingum og EM50 10-16. Ágúst (æfingabúðir og alþj.mót)
 - b. HM25 í Kína 1-6. Desember, hvað gerum við varðandi kröfur (löng og dýr ferð)

3. Fundargerðir og skýrslur innan SSÍ

- a. Farið var yfir fundargerð dómaranefndar nr: 136
- b. Farið var yfir skýrslu dómara frá EMU í Slóvakíu í byrjun júlí
- c. Farið yfir skýrslu dómara frá Smáþjóðaleikum
- d. Farið yfir skýrslu frá ferð framtíðarhóps til Færeyja
- e. Farið var yfir skýrslu frá ráðstefnu EA í Georgíu 27. sept.

4. Aðsend bréf :

Dags	Efni	Sendandi
1.10.2025	Samráðsvettvangur vegna starfa í stjórnnum, ráðum og nefndum	ÍSÍ
2.10.2025	Samgöngustofa vegan ferðlaga	ÍSÍ
02.10.2025	Samstarfsmöguleikar sund/þriðraut	RG,GÓ

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrri félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Nikloas Auffenberg	KR	Árman	12.09.2025	11.10.2025
Sigrún Ósk Brynjarsdóttir	Fjölnir	Árman	12.09.2025	11.10.2025

6. Staðfesting meta / afreka

Grein	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður
-------	-------	--------	-------	-------	--------

7. Önnur mál:

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl: 20.00